



Hringsjá náms- og starfsendurhæfing  
Hátún 10d  
105 Reykjavík

Dagsetning **23. september 2024**  
Málsnúmer MRN24080330

## Viðurkenning Hringsjá náms- og starfsendurhæfing sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, tímabilið 23.september 2024 – 23.september 2027.

Vísað er til umsóknar Hringsjá náms- og starfsendurhæfing kt. 540987-2549, dags. 27.ágúst 2024, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið fer með málefni framhaldsfræðslu skv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sbr. 7. gr. laganna. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur, samkvæmt samningi, falið mennta- og barnamálaráðuneytinu að annast viðurkenningar fræðsluaðila í framhaldsfræðslu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur metið umsókn og önnur framlögð gögn um starfsemi Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og telur fræðsluaðilann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir er Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu, veitt viðurkenning til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 23.september 2024 – 23.september 2027.**

Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér skuldbindingu um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Fræðsluaðili skal hafa frumkvæði að því að upplýsa mennta- og barnamálaráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

F.h. ráðherra  
Anna Tryggvadóttir

F.h. ráðherra  
Nanna Kristjana Traustadóttir